

GJALDSKRÁ

fyrir framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu í Hörgársveit.

1. gr.

Meginreglur.

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skuli greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttá, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins. Sveitarstjórn getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er verulegur umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins, er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa, sem er kr. 9.000, eða gjald skv. reikningi.

2. gr.

Skilgreiningar.

Afgreiðslugjald: gjald sem greitt er við móttöku umsóknar um framkvæmdaleyfi og skipulagsbreytingar. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við móttöku og yfirferð erindisins. Gjaldið er ekki endurkræft þótt umsókn sé dregin til baka eða synjað.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingar auglýsinga og annarrar umsýslu.

Breytingarkostnaður: kostnaður sem fellur til innan sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppdráttum.

Lagatilvitnanir: þar sem vitnað er til ákveðinnar greinar í lögum er átt við skipulagslög nr. 123/2010.

3. gr.

Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga.

Afgreiðslugjald	kr. 9.000
<i>3.1. Verulegar breytingar</i>	
Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 36. gr., viðmiðunargjald	kr. 90.000
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr.	kr. 60.000
<i>3.2. Óverulega breytingar</i>	
Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 36. gr., viðmiðunargjald	kr. 60.000
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	kr. 40.000

4. gr.

Kostnaður vegna deiliskipulags.

Afgreiðslugjald	kr. 9.000
<i>4.1. Nýtt deiliskipulag</i>	
Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr.	vinna samkvæmt reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr.	kr. 60.000
<i>4.2. Verulegar breytingar</i>	
Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43. gr.	vinna samkvæmt reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr.	kr. 60.000
<i>4.3. Óverulegar breytingar</i>	
Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 43. gr.	vinna samkvæmt reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr.	kr. 40.000

5. gr.

Kostnaður vegna grenndarkynningar.

Afgreiðslugjald	kr. 9.000
Grenndarkynning, sbr. 44. gr., viðmiðunargjald	kr. 20.000

6. gr.

Kostnaður vegna einstakra framkvæmda.

Afgreiðslugjald	kr. 9.000
Afstöðumynd	kr. 20.000
Yfirlitsmynd	kr. 20.000
Leyfi fyrir einstökum framkvæmdum, sbr. 1. mgr. 57. gr.	kr. 20.000

7. gr.

Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.

Afgreiðslugjald	kr. 9.000
Framkvæmdaleyfi: framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga nr. 106/2000, viðmiðunargjald	kr. 90.000
Framkvæmdaleyfi: aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald	kr. 90.000
Mælingar vegna magntöku o.þ.h.	vinna samkvæmt reikningi
Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi	kr. 90.000

8. gr.

Gjalddagi.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari falla í gjalddaga við afgreiðslu erindis nema um annað sé samið.

9. gr.

Breytingar á fjárhæðum.

Gjöld miðast við byggingarvísitölu í janúar 2012, skv. grunni frá 2010 (112,3 stig) og upp-reiknast í janúar ár hvert til samræmis við breytingar á henni.

10. gr.

Gjaldtökuheimild og gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var í sveitarstjórn Hörgársveitar 15. febrúar 2012, er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Hörgársveit, 17. febrúar 2012.

Guðmundur Sigvaldason sveitarstjóri.